



Akraneskaupstaður

Velferðarnefnd Alþingis  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Akranesi, 1. apríl 2016  
1601444 RÁ/sas

**Efni: 242. mál um eflingu Heilbrigðisstofnunar Vesturlands**

Á fundi bæjarráðs Akraness, sem haldinn var þann 31. mars sl., var fjallað um frumvörp og þingsályktunartillögur sem eru til umsagnar á Alþingi, þar á meðal 242. mál um eflingu Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.

**Bæjarráð bókaði svohljóðandi:**

*„Bæjarráð fagnar tímabærri eflingu Heilbrigðisstofnunar Vesturlands. Jafnframt verði minnt á að Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi er eina sjúkrahúsið á suðvesturhorninu sem er utan skilgreindra hamfarasvæða og því beri að staðfesta hlutverk stofnunarinnar sem var sjúkrahús fyrir Landspítala og að það verði haft að leiðarljósi við framtíðaruppbyggingu Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.“*

Bæjaryfirvöld á Akranesi styðja því heilshugar tillöguna um að skipa starfshóp sem hefur það hlutverk að greina starfsemi stofnunarinnar ítarlega og skila að því búnu hugmyndum og tillögum um með hvaða hætti verði hægt að efla starfsemina og auka fjárveitingar til stofnunarinnar.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

  
Regína Ásvaldsdóttir  
bæjarstjóri

Samrit: Heilbrigðisstofnun Vesturlands.

**Umsögn HVE um þingsályktunartillögu á 145. löggjafarþingi 2015 – 2016, þingskjal 262 – 242. mál.**

*Framkvæmdastjórn Heilbrigðisstofnunar Vesturlands (HVE) fagnar framkominni þingsályktunartillögu um eflingu stofnunarinnar og leyfir sér að senda nefndasviði Alþingis meðfylgjandi umsögn.*

Heilbrigðisstofnun Vesturlands var formlega sett á laggirnar 1. janúar 2010 með sameiningu átta stofnana á Vesturlandi, Norð-Vesturlandi og Vestfjörðum. Frá þeim tíma hefur starfsemin verið í endurmótun og verkefnið almennt gengið vel þótt talsverður andbyr hafi verið í samfélaginu fyrrihluta innleiðingartímabils.

Sem fyrr segir er um átta starfsstöðvar að ræða, þar af eru fjórar tengdar sólarhringsstarfsemi, á Hvammstanga, Hólmavík, í Stykkishólmi og á Akranesi.

Frá sameiningu hefur starfsemin á öllum þessum einingum tekið nokkrum breytingum og almennt hefur þróunin verið í þá átt að starfsemin hefur dregist saman í langdvalarþjónustu og starfsmönnum fækkað.

Möguleikar til eflingar eru talsverðir og ráðast í veigamiklum atriðum af þeim áherslum sem stjórnvöld leggja til grundvallar í mótun þjónustunnar í náinni framtíð.

**Á Hólmavík** er starfrækt lítið hjúkrunardeild með möguleikum til innlagnar sjúklunga. Deildin er nýtt fyrir væg sjúkdómstílfelli er krefjast innlagnar, fyrir dvöl að lokinni meðferð á LSH, Akranesi og öðrum heilbrigðisstofnunum, fyrir endurhæfingu og líknandi meðferð. Þar er möguleiki til hvíldarinnlagna fyrir fólk úr nærliggjandi byggðarlögum og fyrir aðra þá sem bíða varanlegrar úrlausnar sinna mála.

**Á Hvammstanga** er starfrækt hjúkrunardeild með möguleikum til aukinna hvíldarinnlagna og endurhæfingaúrræða en til þess stendur vilji heimamanna og tilraunaverkefni af því tagi er í undirbúningi. Aðstaða er til innlagna sjúklunga sem nýtt eru fyrir væg sjúkdómstílfelli er krefjast innlagnar, fyrir dvöl að lokinni meðferð á LSH, Akranesi og öðrum heilbrigðisstofnunum, fyrir endurhæfingu og líknandi meðferð.

**Í Stykkishólmi** er starfrækt lítil hjúkrunardeild ásamt með almennum sjúkrarýmum. Aðstaða er til innlagna sjúklunga sem nýtt eru fyrir væg sjúkdómstílfelli er krefjast innlagnar, fyrir dvöl að lokinni meðferð á LSH, Akranesi og öðrum heilbrigðisstofnunum, fyrir endurhæfingu og líknandi meðferð.

Í Stykkishólmi eru endurhæfingarrými og þar er jafnframt starfrækt öflug sérhæfð endurhæfingardeild sem veitir að jafnaði um 220 sjúklungum meðferð árlega við háls og bakverkjum og stendur öllum landsmönnum til boða. Á þessu sviði eru vaxtar- og þróunarmöguleikar og eftirspurn eftir þjónustunni langt umfram það sem hægt er að anna.

Unnið er að sambættingu stofnanabáttar öldrunarþjónustunnar í Stykkishólmi sem miðar að því að eitt hjúkrunarheimili verði starfrækt í sveitarfélaginu í húsi því sem áður hýsti St. Franciskusspítalann.

**Á Akranesi** er starfrækt umdæmissjúkrahús heilbrigðisumdæmis Vesturlands. Þar er veiti auk almennrar sjúkrahúsjónustu fjölbreytta sérfræðiþjónustu á sviði lyflækninga, skurðlækninga, kvensjúkdóma og fæðinga. Sérstök áhersla er lögð á örugga sólarhringsþjónustu. Lögð er áhersla á að standa vörð um stöðu stofnunarinnar til að halda úti vaktviðbúnaði svo hægt sé að veita bráðaþjónustu. Lögð er áhersla á fjölbreytta þjónustu í helstu greinum læknisfræðinnar jafnt í þágu innliggjandi sjúklinga sem og á göngudeild.

Starfsemin undanfarin ár hefur verið þróttmikil og ekki dregist saman þrátt fyrir óáran í samfélaginu. Fjárhagsleg- og rekstrarleg umgjörð hefur ávallt einkennst af ábyrgð og reglufestu. Stofnunin hefur jafnan haft þá sérstöðu meðal heilbrigðisstofnana allt frá upphafi að virða fjárlög og fjárheimildir hvers tímabils.

Sjúkrahúsið er afkastamikil stofnun á þeim sérhæfðu aðgerðasviðum þar sem hvað lengstir biðlistar eru í landinu. Það hefur verið keppikefli að taka á vandanum þar sem hann er brýnastur, svara þannig kalli hvers tíma. Nefna má í því sambandi liðskiptaaðgerðir, kvensjúkdómaaðgerðir, gallsteinaaðgerðir og kviðslitsaðgerðir. Þessu til staðfestingar er vísað til greinargerðar Embættis landlæknis (EL), *Biðlistar eftir völdum skurðaðgerðum á sjúkrahúsum í október 2014*, dags. 07.11.14

Auk þess eru fæðingar árlega um 300 talsins sem hægt væri að fjölga með aukinni upplýsingu og ábendingum ef áherslur væru lagðar á þann veg, einkum af hálfu Landspítala (LSH) þar sem álag er óhóflegt ef marka má umfjöllun í fjölmiðlum.

Stjórnendur HVE hafa um árábil leitað eftir formlegu samstarfi við LSH á mörgum sviðum heilbrigðisþjónustu. Í þeim efnum hafa náðst fáeinir áfangar. Í gildi eru t.d. samningar um myndgreiningarþjónustu á röntgensviði sem og á blóðrannsóknarsviði.

Leitað hefur verið eftir enn nánara, formlegra og fjölþættara samstarfi um aðgerðaþjónustu sem miðað gæti að styttingu biðlista í kvennaðgerðum og á fæðingasviði. Þar er framlegð HVE reyndar eftirtektarverð eins og fram kemur í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Elsu Láru Arnardóttur, alþingismanns á 143. löggjafarþingi 2013 – 2014 og sem finna má á þingskjali 629.

Meðal þess sem spurt er um í fyrirspurninni er fjöldi aðgerða á þessu sviði innan LSH, Sjúkrahússins á Akureyri (SAK) og á HVE, Akranesi. Niðurstöður eru eftirfarandi og tölur ársins 2013 lagðar til grundvallar:

	Landspítali	Sjúkrahúsið á Akureyri	HVE, Akranesi
Stærri aðgerðir	619	102	275
Minni aðgerðir	1.389	251	408
<i>Aðgerðir alls</i>	<i>2.008</i>	<i>353</i>	<i>683</i>

Af þessari samantekt sést að hlutur HVE er ríflega þriðjungur af öllum aðgerðum LSH á þessu sviði og nærfellt helmingi meiri en á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

Nærtækt er í þessu sambandi að velta fyrir sér kostnaði hvers spítala fyrir sig vegna þessara aðgerða en upplýsingar um það liggja ekki fyrir. Augljóst er þó að yfirbygging og stjórnáslá HVE er brot af því sem um er að ræða á hinum tveimur stofnunum. Það, ásamt ýmsu öðru gefur ótvíræða vísbendingu um mikla hagkvæmni. Þrátt fyrir þennan drjúga hlut varðandi framangreindan aðgerðaflokk, þá er áréttað að HVE hefur sérstöðu meðal þessara sjúkrahúsa að haga starfsemi sinni algjörlega í samræmi við fjárlög.

Um 110 liðskiptaaðgerðir eru árlega gerðar á Akranesi. Nýlega var gerður samningur við ráðuneyti um 70 aðgerðir til viðbótar skv. sérstöku átaki, heldur færri þó en óskað var eftir af hálfu HVE. Með sama hætti voru gerðir samningar við LSH og SAK. Hver þessara stofnana verðmat kostnað við þessar viðbótaraðgerðir og skv. tiltækum upplýsingum eru þær framkvæmdar með minnstum kostnaði pr. aðgerð á HVE. Nákvæmar upplýsingar hvað þetta varðar hafa ekki verið gerðar opinberar.

Endurtekið hefur verið óskað eftir viðræðum um möguleika á samstarfi um að HVE, Akranesi annist tiltekinn hluta af valaðgerðum að öllu leyti eða í samráði við LSH með aðgengi læknanema háskólasjúkrahússins og sem nýst gæti þeim í námi sínu.

Í annan stað að formlegir samningar yrðu gerðir um aðgerðir til að auka afköst kerfisins í því skyni að vinna á biðlistum, einkum hvað varðar aðstæður þar sem þeir eru lengstir, t.d. varðandi liðskipti og kvensjúkdómaðgerðir.

Stjórnendur HVE hafa lagt áherslu á að viðbúnaður á HVE, Akranesi henti afar vel til valaðgerða sem á hinn bóginn fellur afar óheppilega að bráðahlutverki LSH. Flestir þekkja mörg tilvik þess að fresta hafi þurft valaðgerð vegna bráðahlutverks eða bráðatilvika sem upp koma á LSH. Umhverfið á Akranesi er mun viðráðanlegra hvað þetta atriði snertir.

Þrátt fyrir mikla aðgerðastarfsemi á Akranesi, þá hafa stjórnendur lýst sig afar fúsa til þess að endurskipuleggja og hliðra til í skurðstofustarfsemi eða forgangsraða með breyttum hætti. Þannig værisérfræðingum á LSH verði gert kleift á sínum forsendum og/eða í samráði við stjórnendur HVE að nýta viðbúnaðinn þar sem þrengsli og skortur á skurðstofurými er yfirlýst hindrun á LSH.

Því miður hafa mál ekki þróast á þann veg að aðilar hafi náð niðurstöðum. Ekkert skal fullyrt um ástæður fyrir tregðu til alvarlegrar viðræðu um viðfangsefnið en hún liggur ekki innan veggja HVE. Hvort um er að ræða viljaleysi, hreint áhugaleysi, hugmyndafræðilegan og skipulagslegan ágreining eða önnur atriði er varða framkvæmd heilbrigðisþjónustu í landinu skal ekkert fullyrt.

**Niðurstaðan** er sú að á þessu sviði eru talsverð ónýtt tækifæri og til þess að breyting verði á þarf raunverulegan vilja forráðamanna LSH til þess að vinna á lausnamiðaðan hátt við núverandi aðstæður í heilbrigðisþjónustu á SV landinu. Fagnað er aðkomu starfshóps sem kanni útfærslu á atriðum sem eflt gæti stofnunina og leyst úr bráðum vanda hundruða einstaklinga sem bíða þurfa við sáran kost mánuðum saman og jafnvel hátt á annað ár.

**Hlutverk HVE, Akranesi** hefur ekki verið skilgreint í tengslum við náttúruhamfarir eða stórslys á Reykjavíkursvæðinu eða á Sv horni landsins. HVE hefur verið virkur þátttakandi í undirbúningi og æfingum varðandi slys við Hvalfjarðargöng en að öðru leyti er það forráðamönnum HVE það nokkurt áhyggjuefni að hlutverk stofnunarinnar skuli ekki hafa verið skilgreint að neinu leyti í tengslum við náttúruhamfarir á þessum þéttbýlasta og einna órólegasta hluta landsins í jarðfræðilegu tilliti. Þá er það sömuleiðis áhyggjuefni að enginn viðbúnaður í þessu skyni skuli vera aðgengilegur á stofnuninni.

Umræður um stöðu og hlutverk HVE í stórum jarðskjálta eða eldgosi á höfuðborgarsvæðinu hafa engar verið og er stofnunin tæpast undir það búin að taka við bráðu hlutverki við þær aðstæður eins og nú háttar til, t.d. ef umferð til eða frá Reykjavík tepptist um lengri eða skemmri tíma.

Athygli stjórnvalda hefur verið vakin á því að stofnunin á Akranesi er utan skilgreindra hættusvæða en innan seilingar þó og er eina heilbrigðisstofnunin utan Reykjavíkursems enn er með öruggan sólarhringsviðbúnað.

Þrátt fyrir takmarkað starfsumfang þá er brýnt að geta brugðist við á neyðarstundum og viðhalda ýmsum þáttum bráðaheilbrigðisþjónustu. Aðkallandi er engu að síður að skilgreina þau atriði. Tryggja þarf að viðbúnaður sé til staðar og þjálfun viðhaldið. Engar áætlanir eru til í þessa veru svo forráðamönnum HVE sé kunnugt um og því er umræða um skýrt hlutverk stofnunarinnar í þessu sambandi löngu tímabær og afar jákvætt innlegg í heilbrigðis- og öryggisumræðu fyrir íbúa á Suðvesturlandi.

29. mars 2016

Umsögn landlæknis v. tillögu til þingsályktunar um eflingu Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, 242. mál.

**Umsögn um mál 242 um eflingu Heilbrigðisstofnunar Vesturlands**

Embætti landlæknis vill benda á nauðsyn þess að áherslur og fjármagn til eflingar á heilbrigðisþjónustu í landinu fari í forgangsverkefni svo sem til styrktar heilsugæslunni um land allt, uppbyggingu nýs háskólasjúkrahúss og eflingu sérfræðiþjónustu á landsbyggðinni. Jafnframt er nauðsynlegt að hlutverk heilbrigðisstofnana sé skilgreint betur en nú er. Embættið er mótfallið því að málefni einstakra heilbrigðisstofnana séu tekin úr samhengi við heildarstefnu í heilbrigðismálum.

Fyrir hönd Embættis landlæknis

Birgir Jakobsson, landlæknir

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Landspítala, 11. apríl 2016  
ÓB/ei Tilv. 40.13

**Efni: Umsögn Landspítala um þingsályktunartillögu um eflingu Heilbrigðisstofnunar Vesturlands (HVE). Þingskjal 262 — 242. mál.**

Landspítali þakkar fyrir að fá tækifæri til þess að segja álit á ofangreindri þingsályktunartillögu.

Þegar á heildina er litið, er samstarf Landspítala og HVE með miklum ágætum. Ósjaldan hefur Landspítali þurft að leita til HVE á undanförunum misserum vegna erfiðleika við að koma sjúklingum fyrir, og hefur undantekningarlaust tekist gott samstarf um þau mál við framkvæmdastjóra hjúkrunar og lækninga á HVE, þó svo að á þeim bæ sé enn verið að glíma við afleiðingar niðurskurðar, líkt og á Landspítala. Nokkurt samstarf hefur einnig verið varðandi læknaandídata og fyrirsjáanlegt að það samstarf aukist með nýrri reglugerð frá árinu 2015.

Í tillögunni er réttilega bent á hversu stutt vegalengdin er á milli stofnananna tveggja og hversu mikilvægt er að HVE geti, þó ekki væri nema að hluta til, verið varasjúkrahús fyrir Landspítala. Þetta er augljóslega mikilvægt út frá sjónarhóli almannavarna, þó svo að allra sérhæfðustu verkefni Landspítala séu þess eðlis að þau verða ekki flutt til innanlands heldur mun ávallt þurfa að senda slíka sjúklinga til útlanda ef Landspítali getur ekki sinnt þeim. Landspítali leggur til að samvinna varðandi almennar skurðækningar og kvensjúkdóma- og fæðingar verði skoðuð sérstaklega og með nýjum hætti. Áður hefur tíðkast samstarf á milli þessara greina, en hér gefst tækifæri til þess að endurskoða þau mál og gera enn betur. Landspítali leggur einnig áherslu á að eiga fulltrúa í þeim starfshópi sem kveðið er á um í tillögunni, og telur að með því móti sé betur tryggt að markmið tillögunnar nái fram að ganga með farsælum hætti.

Virðingarfyllst,



Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Kópavogi, 5. júlí 2016.

**Efni:** Tillaga til þingsályktunar um eflingu Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, 242. mál, þingmannatillaga.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 21. mars sl þar sem óskað er álit Læknafélags Íslands (LÍ) á tillögu til þingsályktunar um eflingu Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, 242. mál á 145. löggjafarþingi. Beðið er velvirðingar á því að dregist hefur að senda inn umsögn.

Í tillögunni felst að heilbrigðisráðherra verði falið að skipa starfshóp sem kanni hvernig hægt sé að efla starfsemi Heilbrigðisstofnunar Vesturlands og auka fjárveitingar til hennar með það að markmiði að standa vörð um starfsemina og minnka álag á Landspítala. Starfshópurinn skili niðurstöðum eigi síðar en í apríl 2016.

LÍ telur mikilvægt að standa vörð um starfsemi allra heilbrigðisstofnana landsins, auka fjárveitingar til þeirra eftir því sem kostur er og haga starfsemi þeirra með þeim hætti að þær geti eftir því sem unnt er minnkað álag á Landspítala. Utan Reykjavíkur starfa sex heilbrigðisstofnanir, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Vestfjarða, Norðurlands, Austurlands, Suðurlands og Suðurnesja í samræmi við reglugerð um heilbrigðisumdæmi nr. 1084/2014.

Sé það vilji Alþingis að samþykkja þingsályktunartillöguna telur LÍ mikilvægt að efni hennar verði útvíkkað þannig að starfshópnum verði þá falið að kanna möguleika á því að efla starfsemi fleiri heilbrigðisstofnana en Heilbrigðisstofnunar Vesturlands. Þá gefur það auga leið að breyta þarf tímamörkum þeim sem starfshópurinn fær til starfa.

Fulltrúar LÍ eru að sjálfsögðu reiðubúnir til að koma til fundar við velferðarnefnd Alþingis vegna þessarar þingsályktunartillögu, verði eftir því óskað.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,

Þorbjörn Jónsson,  
formaður.





Nefndasvið Alþingis,  
Alþingi,  
150 Reykjavík.

Akureyri 7. apríl 2016.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.  
Þingskjal 262 – 242. mál.

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis dags. 21. mars sl. var ofangreint þingmál sent til umsagnar.

Sjúkrahúsið á Akureyri tekur undir að gott sé að kanna hvernig efla megi starfsemi Heilbrigðisstofnunar Vesturlands íbúum til hagsbóta. Það sama þarf einnig að gera fyrir aðrar heilbrigðisstofnanir og sjúkrahús landsins.

Þá vill Sjúkrahúsið á Akureyri minna á að nú þegar er varasjúkrahús Landspítala tilgreint í lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007.

Í drögum að heilbrigðisáætlun sem nú er unnið að í velferðarráðuneytinu er fjallað um nauðsyn þess að hlutverk og þjónusta heilbrigðisstofnana og sjúkrahúsa sé betur skilgreind en nú er. Sjúkrahúsið á Akureyri telur að sú vinna komi til með að taka á þeim þáttum sem tillagan gengur út á.

Með kveðju,

Bjarni Jónasson, forstjóri.